**ANDLEGT ÞJÓÐARRÁÐ BAHÁ'ÍA Á ÍSLANDI**
THE NATIONAL SPIRITUAL ASSEMBLY OF THE BAHÁ'ÍS OF ICELAND

*Alþingi*
*Erindi nr. Þ* 133/1114
*komudagur.* 20. 2. 2007

**Nefndasvið Alþingis**
**Austurstræti 8-10**
**150 Reykjavík**

*Efni:*
*Umsögn um frumvarp til laga um stöðu,*
*stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar,*
*466. mál, eignarhald prestsetra, skipan sóknarpresta.*

19. febrúar 2007

Andlegt þjóðarráð bahá'ía á Íslandi þakkar bréf yðar frá 6. febrúar sl., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, 466. mál, eignarhald prestsetra, skipan sóknarpresta.

Andlega þjóðarráðið álítur það ekki hlutverk sitt að hafa afskipti af innri málefnum þjóðkirkjunnar, né heldur almennu eignauppgjöri ríkisins og þjóðkirkjunnar.

Engu að síður viljum við brýna fyrir löggjafanum mikilvægi þess að allir þegnar landsins eigi viðunandi aðgang að útfararaðstöðu og legstöðum. Slíkt er ekki alveg sjálfgefið þegar ekki eru til staðar grafreitir á vegum hins opinbera heldur eingöngu kirkjugarðar í eigu og undir stjórn eins trúfélags.

Fyrir hönd Andlegs þjóðarráðs
bahá'ía á Íslandi

Inga Daníels

Ingibjörg Daníelsdóttir, ritari

Öldugata 2 – P.O. Box 536 – 121 Reykjavík
Sími/Telephone: + 354 - 567-0344 – Netfang/E-mail: nsa@bahai.is